


Kæra foreldri/forsjáraðili,

Leikskólinn notar kannanir Skólapulsiins til að fylgjast með og bæta innra starf leikskólans. Liður í því er að spyrja börn á elstu deild leikskólans nokkurra spurninga sem meta gæða leikskólastarfsins, vellíðan í leikskólanum og ánægju með leikskólann. Dæmi um spurningu um ánægju af lestri er: „Hvað finnst þér um að lesa í skólanum“, dæmi um spurningu um vellíðan í leikskólanum, er: „Þegar ég er í leikskólanum finnst mér vera hugsað vel um mig.“ og dæmi um spurningu um ánægju með leikskólann er „Þegar ég er í leikskólanum finnst mér margt vera spennandi“.



Mynd 1 Spurningarnar eru lagðar fyrir með aðstoð talgervils og mynda.

Börnin svara spurningalistanum nafnlaust með hjálp talgervils á með því að merkja við myndir sem eru lýsandi fyrir viðkomandi svarmöguleika (sjá mynd 1). Öll börn á elstu deild svara könnuninni í apríl og tekur um 10 mínútur að svara henni. Niðurstöður eru eingöngu birtar leikskólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapulsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða fyrirlögn spurningalistsins. Ef þú ert mótfallin(n) því að barn þitt svari spurningalistanum, hafðu þá samband við leikskólann.

Nánari upplýsingar um könnunina eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapulsiins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is.